Um þetta efni er yður hèr með kunngjört, að bæði eptir 1861.
orðum hins opna brèfs og þeim umræðum, sem áður urðu um 30. ágústm.
lagaboð þetta á alþingi, ber að álíta, að það einnig nái til þeirra tómthúsa, sem eru á jörð þeirri, er að ofan er nefnd, að svo miklu leyti, sem engu lóðargjaldi hefir verið af þeim svarað, áður en lagaboðið kom út.

---

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini. 30. ágústm.

Að undirlagi hins konunglega kaupræðismanns í Liverpool hefir utanríkisstjórnin í brèfi 31. f. m. spurt um, hvort enn sè nauðsyn á, að kaupræðismenn staðfesti vöruskrár og heilbrigðisskýrteini þeirra skipa, sem ætla að fara til Íslands og Færeyja, svo sem fyrir er mælt í 8. grein í lögum 15. aprílm. 1854, og hvort haldið skuli áfram að heimta borgun þá, sem ákveðin er fyrir staðfesting þessa.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að svara á þá leið: að með því lagaákvörðun sú, sem nú var getið, enn er í gildi, þá leiðir beina leið af því, að staðfesting sú, sem hèr er um rætt, framvegis er nauðsynleg; og þar sem hinn konunglegi kaupræðismaður hefir sagt, að ýmsir skipstjórar hafi skýrt honum frá, að vöruskrárnar sèu aldrei heimtaðar af þeim, og heilbrigðisskýrteini að eins sjaldan, þá skal þess getið, að vöruskrár hafaá ári hverju verið sendar stjórnarráðinu samkvæmt lögunum, og eru þar á meðal nokkrar, sem hinn konunglegi kaupræðismaður í Liverpool hefir staðfest.

---

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini. 30. ágústm.

Þareð ráða má af skýrslu, er hingað hefir komið frá utanríkisstjórninni, að ekki er ætíð heimtað af skipstjórunum vöruskrár

1861. 30. ágústm. og heilbrigðisskýrteini, svo sem fyrir er skipað í verzlunarlögunum frá 15. aprílm. 1854, þá skorar nú dómsmálastjórnin á yður herra (tit.), að þèr brýnið það fyrir sýslumönnum (í brèfinu til stiptamtmanns: bæjarfógetanum og sýslumönnum) þeim, sem þèr eruð yfir skipaðir, að þeir eigi vandlega að gæta lagaákvarðana þeirra, er nú voru nefndar.

---

30. ágústm. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæ.**

Nokkrir af íbúum Reykjavíkurbæjar hafa í bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. júním. þ. á., sótt um, að bæ þessum sè leyft að taka 4000 ríkisdala lán, er í 28 ár í röð verði goldnir af 6 af hundraði í leigu og borgun höfuðstólsins, til þess ráðin verði bót á bjargræðisskorti þeim, sem nú sè meðal fátæklinga þar í bænum, á þann hátt, að þeim gefist kostur á að fá atvinnu við verk, er framkvæmd skuli fyrir kaupstaðinn þetta árið.

Um leið og þèr senduð hingað bænarskrá þessa, sem bæjarfulltrúarnir hafa mælt fram með, að veitt verði áheyrsla, þó svo, að lánið eigi nemi meiru en 2700 ríkisdölum, hafið þèr, herra stiptamtmaður, meðal annars getið þess, að það, að yðar áliti, sè mjög vafasamt, hvort og að hve miklu leyti lán það, er menn æskja, geti orðið að þeim notum, sem til er ætlazt, og að það að minnsta kosti sè mjög ísjárvert að þyngja á svo fátæku bæjarfèlagi, sem Reykjavík er, með svo mikilli skuld, einkum þareð óumflýjanlegt verði fyrir bæinn að taka töluvert lán vegna barnaskólans, sem nú á að stofna þar. Auk þessa hafið þèr bent á, að kjör manna í bænum sèu enn ekki orðin svo bág, eður svo mikil hætta á ferðum, sem ráða megi af bænarskránni; en með því það á hinn bóginn sè rètt hermt, að sá hluti bæjarbúa, sem að mestu eigi bjargræði sitt undir sjávaraflanum, nú sem stendur eigi að nokkru leyti við bág kjör að búa, og að þess vegna megi fyrir sjá, að fátækrasjóðurinn